



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi.**


Lýðræðis- og jafnréttisnefnd Hafnarfjarðarbæjar hefur borist bréf frá félagsmálanefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um kvennahreyfinguna á Íslandi, 56. mál. Þingsályktunartillagan var kynnt á fundi lýðræðis- og jafnréttisnefndar Hafnarfjarðarbæjar þann 11. apríl 2005 og eftirfarandi umsögn samþykkt.

Lýðræðis- og jafnréttisnefnd Hafnarfjarðar styður heilshugar tillögu til þingsályktunar um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi. Nefndin telur mikilvægt að félagasamtök, hópar og einstaklingar sem vinna að jafnréttismálum eigi kost á að sækja um styrk í opinberan sjóð sem hefur það hlutverk að styrkja jafnréttisstarf. Það hlýtur að vera til þess fallið að efla starfsemi félagasamtaka og hópa sem starfa oft á tíðum við þröngan fjárhag. Slíkur opinber styrkjasjóður myndi að auki vera til þess fallinn að efla rannsóknir og ýmis verkefni á sviði jafnréttismála.

Lýðræðis- og jafnréttisnefnd Hafnarfjarðar veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum eða einstaklingum styrki til verkefna sem hafa að markmiði að stuðla að auknu jafnrétti í samfélaginu. Á undanförunum árum hefur nefndin styrkt margvísleg verkefni í þágu jafnréttismála og er hún ekki í vafa um að styrkirnir hafi nýst vel. Nefndin hefur hins vegar ekki séð sér fært að styrkja rekstur félagasamtaka.

Sú leið sem lögð er til í þingsályktunartillögunni um tengsl milli ráðuneyta og þeirra samtaka, hópa og einstaklinga sem vinna að jafnari stöðu kynjanna er mikilvæg að mati nefndarinnar. Það er nauðsynlegt fyrir embættismenn ráðuneyta að vera vel upplýstir um það starf sem unnið er en gott upplýsingaflæði hlýtur að leiða til aukins skilnings á málaflokknum og markvissara starfs í þágu jafnréttismála.

Fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni að hugmyndin sé sótt til norskrar stjórnsýslu en þar hefur barna- og fjölskyldumálaráðuneytið auglýst árlega eftir umsóknum um styrki til kvennapólitískrar upplýsingastarfsemi og einnig til kvennapólitísku alþjóðastarfs auk þess sem löng hefð sé fyrir samráðsfundum og gagnkvæmu upplýsingaflæði á milli ráðuneytis, stofnana, frjálsra félagasamtaka og baráttuhópa sem hefur gefið góða raun og tryggt sýnilegan árangur.



Noregur stendur mjög framarlega í jafnréttismálum og stuðningur hins opinbera við kvannahreyfinguna þar í landi og skilningur á mikilvægi hennar í samfélaginu á eflaust töluverðan þátt í góðri stöðu Norðmanna gagnvart jafnrétti kynjanna.

Því miður virðist lítið hafa þokast í jafnréttisátt hér á landi á síðastliðnum árum, launakannanir sýna að enn er töluverður launamunur milli karla og kvenna sem einvörðungu skýrist á grundvelli kyns. Einnig er ljóst að konur eiga erfitt uppdráttar þegar kemur að stjórnendastörfum hvort sem er hjá fyrirtækjum eða hinu opinbera og þátttaka kvenna stjórnnum fyrirtækja er vægast sagt takmörkuð. Því er mikilvægt að hið opinbera styðji við bakið á kvannahreyfingunni og flýti enn frekar fyrir jafnari stöðu kynjanna á Íslandi.

F. h. lýðræðis- og jafnréttisnefndar,

Anna Jörgensdóttir  
Lýðræðis- og jafnréttisfulltrúi.